



Teikning af sjúkrahótelinu, til vinstri er hornið á kvennadeildinni og fyrir aftan hótelið liggur Barónsstigur.

Sjúkrahótelið rís

Framkvæmdir standa nú sem hæst við sjúkrahótelið nýja sem rís við Landspítalann. Erlendur Hjálmarsson verkefnisstjóri Nýja Landspítalans segir framkvæmdir vera nokkurn veginn á áætlun. „Undanfarið höfum við verið að fleyga fyrir tengigöngum sem munu tengja annars vegar kvennadeildina og hins vegar K-bygginguna við sjúkrahótelið. Þessari vinnu er nánast lokið og næsta skref er að steypa tengigöngana og við reiknum með að því verði lokið um miðjan mars. Þá hefjum við jarðvinnu við sjálft sjúkrahótelið og því munu fylgja einhverjar sprengingar og fleygun en það er allt unnið í nánú samráði við stjórn spítalans og reynt að velja tíma sem veldur minnstu ónæði. Því ætti að vera lokið um miðjan apríl.“

KOAN-hönnunarhópurinn sem fullhannaði sjúkrahótelið samanstendur af arkitektastofunum Glámu Kím og Yrki-arkitektum. Verkfræðihönnun var á hendi Conís, Raftáknis og Verkhönnunar. Eins og áður hefur komið fram verður sjúkrahótelið á fjórum hæðum auk kjallara, 4258 fermetrar, með 75 herbergjum og stendur næst Barónsstíg, á milli kvennadeildar og K-byggingar. Verktakinn er LNS Saga og Verkís verkfræðistofa hefur eftirlit með framkvæmdum fyrir hönd Nýja Landspítalans. Stefnt er að því að sjúkrahótelið verði tilbúið á næsta ári, 2017.



Jarðvinna er hafin við göngin sem tengja hótelið við önnur hús á lóðinni, en ekki við sjálft hótelið.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Claudia Hausfeld fæddist árið 1980 í Þýskalandi og nam ljósmyndun í Sviss áður en hún fluttist til Íslands og lagði stund á myndlist við Listaháskóla Íslands. Þaðan brautskráðist hún árið 2012. Hún notar ljósmyndir í verkum sínum, ýmist fundnar myndir eða þær sem hún tekur sjálf, auk þess sem hún teygir miðilinn út í skúlptúr og innsetningar. Eftir hana liggur mikið magn klippiverka sem hún vinnur upp úr gömlum tímaritum og bókum. Hún setur saman sérúr slíkra mynda, til dæmis grátbroslegar figúrur úr matarmyndum eða furðudýr samsett úr ýmsum líkamshlutum ólíkra dýra. Þá eru ótaldar landslagsmyndir hennar þar sem hún blandar til dæmis saman ósnortinni náttúru og manngerðu umhverfi. Í verkinu sem er til sýnis á forsiðu *Læknaþlaðsins*, **Home**, frá árinu 2012, sjáum við í forgrunni svarthvíta mynd af manni sem horfir til himins og bendir upp fyrir sig. Myndina sótti listakonan í gamla ferðahandbók um Þingvelli sem Þorsteinn Jós-epsson myndskreytti. Claudia hefur fjarlægst hluta af ský



fyrir miðri mynd og komið þar fyrir litmynd af jörðinni eins og hún sést utan úr geimnum. Undarleg skynvilla kemur fram við að ímynda sér manninn virða fyrir sér plánetuna sem hann sjálfur stendur á. Verkið kallar fram hugleiðingar um ljósmyndina sem miðil og hinar miklu breytingar sem hann hefur haft á skynjun okkar á umhverfinu. Um leið vísar verk Claudiu í þekkta ljósmynd frá árinu 1990 sem gengur undir heitinu **Pale Blue Dot**. Þá tók geimfarið Voyager 1 ljósmynd aftur fyrir sig þegar það hafði fjarlægst jörðu meir en nokkurt annað far í sögunni, eða út fyrir sjálft sólkerfið. Á myndinni mátti greina heimkynni mannkyns sem fölbláan punkt í hafsju myrkurs. Ljósmyndin vakti fólk til umhugsunar um sjálft sig og þann takmarkaða veruleika sem við hrærumst í.

Markús Þór Andrésson

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfréðsson
Sigurbjörg Kárason
Tómas Guðbjartsson
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1800

Prentun, bókband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

12.900,- m. vsk.
Lausasala
1290,- m. vsk.

© Læknaþlaðið

Læknaþlaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknaþlaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213